

Föstudaginn 19. janúar 1996.

Nr. 27/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

X

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómamarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. janúar sl., þar sem enn er lagt bann við brottför varnaraðila úr landi allt til mánudagsins 15. apríl 1996 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1995 var varnaraðili, sem er breskur ríkisborgari, sakfelldur í máli, sem ákærvaldið höfðaði á hendur honum fyrir að hafa framið nauðgun um borð í togaranum Þerney aðfaranótt 8. október 1995. Var refsing hans ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Við uppkvaðningu dómsins var honum jafnframt bönnuð för úr landi til 15. janúar 1996, meðan frestur til áfrýjunar dómsins til Hæstaréttar væri enn ekki liðinn. Á síðasta degi frestsins lýsti varnaraðili yfir áfrýjun, en hann hefur frá upphafi neitað sök í málinu.

Meðal gagna kærumálsins er álitserð Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði 12. janúar 1996 til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Er þar vísað til þess, að sýni úr getnaðarverju, er fannst á vettvangi um borð í Þerney, hafi verið send til rannsóknar hjá Rettsmedisinsk Institutt í Osló til DNA-greiningar. Hafi rannsóknarskýrsla borist frá Osló 22. desember 1995. Niðurstaða hennar hafi verið á þá leið, að sýni, sem tekið var af ytra byrði verjunnar, samrýmdist því að

koma frá kæranda nauðgunarinnar. Sæðið, sem fannst inni í verj-
unni, hafi hins vegar ekki getað samrýmst því að stafa frá varnar-
aðila. Til sannprófunar á niðurstöðum hafi blóðsýni úr varnaraðila
verið sent til Oslóar, til að rannsókn yrði endurtekin. Niðurstaða
þeirrar rannsóknar hafi borist 12. janúar 1996 og verið á þá leið, að
fyrrri niðurstaða var staðfest. Lokaniðurstaða Rannsóknastofu Há-
skólans í meinafræði er sú, að útilokað sé, að sæði, sem fannst í
verjunni, sé frá varnaraðila komið. Þess er sérstaklega getið, að
rannsóknin í Noregi taki til fleiri þátta en rannsókn, sem áður hafði
verið gerð í sama skyni hér á landi, og teljist hún því fullnaðar-
rannsókn.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1995 byggðist
meðal annars á hinn íslensku rannsókn, en samkvæmt henni voru
yfirgnæfandi líkur taldar vera á því, að sæði, sem fannst í verjunni,
væri frá varnaraðila komið. Ljóst er því, að hin nýja rannsókn rask-
ar þeim sönnunargögnum, sem sakfelling Héraðsdóms Reykjavíkur
yfir varnaraðila byggðist á. Ráðgert er, að málið verði munnlega
flutt fyrir Hæstarétti innan fárra daga. Samkvæmt þessu verður fall-
ist á kröfu sóknaraðila um framlengingu farbanns til að tryggja nær-
veru varnaraðila, þar til endanlegur dómur gengur í málinu. Verður
farbanni þó ekki markaður lengri tími í þessu skyni en til fimmtu-
dagsins 8. febrúar 1996 kl. 17.00.

D ó m s o r ð :

Varnaraðila, X, er bönnuð brottför úr landi allt til dómsupp-
sögu í máli ákærvaldsins á hendur honum, þó ekki lengur en
til fimmtudagsins 8. febrúar 1996 kl. 17.00.
